

Fundargerð 89. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn mánudaginn 20. September 2025, kl. 09:00 á TEAMS.

Mætt eru: Valgerður B. Pálsdóttir (formaður), Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson, Guðrún P. Ólafsdóttir og Árni Sigfússon, Arnbjörn Ólafsson .

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Gestir: Helena Hauksdóttir (bókhald)

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur Reykjanes Jarðvangs 2024

Drög að ársreikningi voru lögð fyrir stjórn. Stjórn telur mikilvægt að gera ákveðnar breytingar á ársreikningnum til að varpa skýrari mynd á starfsemi og rekstur jarðvangsins. Er þar einkum um að ræða framsetningu rekstrarreiknings og skýringar með ársreikningi.

Bókun: Stjórn frestar samþykkis ársreiknings 2024 og felur endurskoðanda að fara yfir fram komnar athugasemdir. Jafnframt leggur stjórn áherslu á aðkomu að fjárhagsáætlanagerð stofnunarinnar.

2. Stefnumótun – Staða og framhald

Starfsmenn fóru yfir stöðu verkefna í aðgerðaráætlun Reykjanes jarðvangs sem fylgir eftir markmiðum stefnumótunar. Fræðslu- og kynningarmál eru vel á veg komin, en þörf er á frekari áherslu á verkefni sem tengjast áfangastöðum.

Stjórn leggur áherslu á að ljúka innleiðingu stefnumótunarinnar og útfærslu á mælanlegum markmiðum og mælikvörðum. Regluleg eftirfylgni og rýni á framkvæmd verði á dagskrá funda stjórnar.

Ákveðið var að boða til sérstaks fundar um þau verkefni sem snúa að áfangastöðum og þarfnast nánara samráðs við sveitarfélögin.

3. Alþjóðaráðstefna jarðvanga í Chile september 2025

Reykjanes jarðvangur tók þátt í Alþjóðaráðstefnu jarðvanga í Chile í september. Fjölmörg verkefni jarðvangsins voru kynnt á ráðstefnunni og hefur yfirlit yfir þau, ásamt öðrum helstu niðurstöðum og ávinningi, verið tekið saman í skýrslu verkefnastjóra.

Verkefnastjóri mun senda stjórn skýrsluna til kynningar.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 10:10